

Alþingi  
Erindi nr. P 127/597  
komudagur 15.1.2002



Nefndasvið Alþingis  
Ágúst G. Ágústsson  
Austurstræti 8 – 10

14.01.2002  
GM-ÍP/251.1

150 REYKJAVÍK

**Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á áhrifum háspennulína á mannlíkamann,  
46. mál**

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um tillögu að þingsályktun um rannsókn á mögulegum áhrifum háspennulína á mannlíkamann og fylgir hún hér á eftir:

Orkuveita Reykjavíkur svo og ýmis önnur íslensk raforkufyrirtæki hafa um langt skeið fylgst náið með upplýsingum, greinum og umræðum um rafsegul- og rafsvið og áhrif þeirra á heilsu manna. Ljóst er að hér er um að ræða mikilvægt mál fyrir rafveitur, bæði vegna hagsmuna þeirra sjálfra og almennings. Áhugi raforkufyrirtækja hefur af skiljanlegum ástæðum fyrst og fremst beinst að álitamálum tengdum orkutíðni (50 Hz) og þeim styrkleika raf- og rafsegulsviðs sem mælist við raforkumannvirki (loftlinur, strengi og aðveitu- og spennistöðvar).

Fyrir nokkrum árum lét Orkuveitan mæla rafsegulvið við helstu gerðir virkja í dreifikerfinu til að afla upplýsinga um styrk þess og voru niðurstöður þeirra mælinga samhljóða við sambærilegar mælingar gerðar á Norðurlöndunum. Styrkur rafsegulsviðs var í öllum tilvikum langt neðan við skilgreint hámarksgildi í Evrópu- staðli EN 50166-1:1995.

Ýmsar upplýsingar hafa verið birtar í fjölmiðlum um skaðsemi rafsegulsviðs á heilsu manna. Sérfræðingar ýmissa opinberra stofnana hér á landi hafa kynnt sér rannsóknarniðurstöður er lúta að samhengi milli rafsegulsviðs og heilsufars sérstaklega, s.s. Landlæknisembættið, Geislavarnir, Vinnueftirlitið og Löggildingarstofa (rafmagnseftirlitið). Meginniðurstaða þessara sérfræðinga er sú að engar skýrar vísbendingar hafi enn komið fram sem sýni tengsl milli sjúkdóma og rafsegulsviðs af þeim gildum sem fyrirfamnast við almenn raforkumannvirki. Sé svo eru tengslin í öllu falli mjög lítil. Robin Cox, læknir og sérfræðingur hjá Electricity Association í

Englandi upplýsti á fundi hjá Orkuveitunni s.l. sumar að engar rannsóknir hefðu sýnt fram á samhengi milli rafsegulsviðs frá almennu rafdreifikerfi og sjúkdóma.

Það er álit Orkuveitunnar að aðstæður hér á landi bjóði ekki upp á það rannsóknarumhverfi sem nauðsynlegt er til að skila marktækum niðurstöðum. Um er að ræða rannsókn á sjúkdómi eða sjúkdómum, sem hafa mjög lága tíðni, en af því leiðir að fjöldi þátttakenda þarf að vera mjög mikill til að óyggjandi vísbending og gagn fáiist með rannsókninni. Orkuflutningslínur á landinu eru fáar, álag þeirra hlutfallslega lágt og allar eru þær í dreifbýli.

Fyrir allöngu setti Samorka á laggirnar vinnuhóp sem skipaður er fulltrúum stærstu raforkufyrirtækjanna á landinu, sérfræðingi í atvinnusjúkdómum frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur svo og sérfræðingi frá Rasteikningu hf í mælingum á rafsegulsviði, en vinnuhópnum er ætlað að fylgjast með niðurstöðum rannsókna og upplýsingum um hugsanleg tengsl sjúkdóma og rafsegulsviðs. Margvíslegum fróðleik á þessu sviði hefur verið safnað saman og dreift til fulltrúa vinnuhópsins. Orkuveitan telur mikilvægt að raforkufyrirtækin svo og heilbrigðisyfirvöld fylgist vel með öllum nýjum upplýsingum og niðurstöðum úr rannsóknum, sem kunna að breyta stöðu þessara mála frá því sem nú er.

Virðingarfyllst,

  
framkvæmdastjóri dreifingar